

4. gr.
Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 14. nóvember 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 94 20. maí 1976 um skráningu og mat fasteigna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, sem orðist svo:

Þrátt fyrir lokamálsgrein 26. gr. laganna skal breyting á skráðu matsverði fasteigna í fasteignaskrá á árinu 1977 taka gildi frá og með 31. desember 1977. Skal matsverðið þannig breytt talið fasteignamatsverð til 1. desember 1978 nema sérstakt endurmat komi til.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 30. nóvember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.